

BORGARRÁÐ 20. maí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi biðtíma í þjónustuveri Reykjavíkurborgar - R21050231

Það er erfitt að ná inn til borgarinnar í gegnum síma, ljóst er að þjónustuverið annar ekki símtölum og ekki er hægt að ætlast til að fólk hafi endalaust tíma til að bíða á línunni. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um þjónustuverið s.s. meðallengd biðtíma þeirra sem bíða eftir að ná sambandi sundurliðað eftir dögum og tíma árs. Einnig er óskað eftir upplýsingum um fjölda símtala á dag að meðaltali og fleira í sambandi við þjónustuverið s.s. hvernig gengur að þjónusta þá sem hringja inn t.d. að tengja fólk við svið, deildir sem afgreitt geta erindi þeirra?